

LÖGBODIN ÁBYRGÐARTRYGGING ÖKUTÆKIS

Vátryggjandi; Alpha Insurance A/S Kaupmannahöfn,
Umboð; Alþjóða vátryggingaumboðið ehf.,
Hverfisgötu 46, s. 444-3400.

VÁTRYGGINGASKILMÁLAR

Vátryggingarsamningurinn

Um vátryggingu þessa gildir það sem fram kemur í:

- Vátryggingarskírteini
- Vátryggingarskilmálum, þ.e.:
 - hugsanlegum sérskilmálum, sem koma fram í vátryggingarskírteini
 - skilmálum þessum
- Lögum nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga.

Vátryggingarskírteini hefur að geyma nánari ákvæði vátryggingarsamningsins sem ekki koma fram í skilmálum þessum.

Sérskilmálar í vátryggingarskírteini útvíkka, takmarka eða afmarka nánar gildissvið vátryggingarinnar umfram það sem kemur fram í skilmálum þessum. Að öðru leyti en fram kann að koma í sérskilmálum gilda ákvæði skilmála þessara um vátrygginguna.

Í tilvikum þar sem ákvæðum um sama efni ber ekki saman gilda ákvæði í vátryggingarskírteini og endurnýjunarkvittun framar ákvæðum vátryggingarskilmála og sérskilmálar ganga framar almennum skilmálum, þó þannig að sértækar reglur ganga ávallt framar almennum. Ákvæði í vátryggingarskírteini, endurnýjunarkvittun og skilmálum ganga framar frávikjanlegum lagaákvæðum.

A. LÖGBODIN ÁBYRGÐARTRYGGING ÖKUTÆKJA

1. Hverjir eru vátryggðir	2
2. Gildissvið	2
3. Skemmdir á eigin ökutæki	2
4. Greiðsluskylda félagsins	2
5. Akstur erlendis - Landfræðilegt gildissvið	2
6. Gildistaka - Gildistími - Endurnýjun - Uppsögn	2
7. Iðgjald, gjalddagi og áhrif vanskila.....	2
8. Sala á ökutæki - Afskráning	3
9. Endurgreiðsla iðgjalds er vátryggingu lýkur eða ef ökutækið er ekki notað	3
10. Skyldur vátryggðs er tjón verður – Ráðstafanir vegna tjóns	3
11. Tjónsuppgjör og kostnaður við það	3
12. Réttur til að greiða tjónþola bætur	3
13. Eigin áhætta vátryggingartaka	3
14. Endurkrafa félagsins	3
15. Breyting áhættu	4
16. Varúðarregla um ástand ökutækis	4
17. Heimild félagsins til uppsagnar á vátryggingarsamningi	4
18. Brot á upplýsingaskyldu - svik og rangar upplýsingar.....	4
19. Ágreiningur	4
20. Varnarþing	5
21. Vernd persónuupplýsinga	5

B. LÖGBODIN SLYSATRYGGING ÖKUMANNS OG EIGANDA SEM FARÞEGA

1. Hverjir eru vátryggðir	5
2. Gildissvið	5
3. Hámarksbætur.....	5
4. Ákvörðun bóta - Ágreiningur	5
5. Frádráttur skaðabóta	5
6. Vátryggður veldur vátryggingaratburði	5
7. Brot á varúðarreglum	5
8. Skyldur vátryggðs gagnvart félaginu	6
9. Akstur erlendis - Landfræðilegt gildissvið	6
10. Undanskilin áhætta	6
11. Iðgjaldsákvörðun -iðgjaldsauki	6
12. Aðrir skilmálar.....	6

C. BÍLRÚÐUTRYGGING

1. Gildissvið	6
2. Vátryggingarfjárhæð og bótagreiðslur	6

3. Undanskilin áhætta	6
4. Eigin áhætta	6
5. Endurgreiðsla iðgjalda	6
6. Aðrir skilmálar	6

A. LÖGBOÐIN ÁBYRGÐARTRYGGING ÖKUTÆKJA

1. Hverjir eru váttryggðir

Váttryggingartaki er váttryggður svo og hver sá sem með samþykki hans notar ökutækið eða ekur því. Sé ökutæki selt er hinn nýi eigandi váttryggður í 14 daga eftir eigendaskipti enda hafi hann ekki keypt aðra váttryggingu vegna ökutækisins.

2. Gildissvið

Váttryggingin nær til sérhverrar skaðabótaskyldrar kröfu sem váttryggingartaka er skylt að váttryggja gegn samkvæmt umferðarlögum, sem eigandi hins váttryggða ökutækis, vegna tjóns er hlýst af notkun þess.

3. Skemmdir á eigin ökutæki

Váttryggingin tekur ekki til skemmda á ökutækinu sjálfu eða öðrum eignum váttryggingartaka eða váttryggðs. Þó bætir váttryggingin skemmdir á eigin bifreið váttryggðs (váttryggingartaka) af völdum áaksturs hins váttryggða ökutækis.

4. Greiðsluskylda félagsins

Greiðsluskylda félagsins vegna hvers váttryggingarburðar takmarkast við váttryggingarfjárhæð þá sem tilgreind er í váttryggingarskírteininu eða lögboðna váttryggingarfjárhæð hvort sem er hærra.

5. Akstur erlendis - Landfræðilegt gildissvið

Váttryggingin gildir um notkun ökutækis á Íslandi og í öðrum aðildarríkjum Evrópska efnahagssvæðisins (EES). Einnig gildir váttryggingin í Sviss. Váttryggingartaki skal leysa til sín alþjóðlegt váttryggingarkort fyrir ökutæki ("grænt kort") vegna aksturs erlendis, enda eigi ríkin aðild að samningum um notkun slíks váttryggingarkorts.

6. Gildistaka - Gildistími - Endurnýjun - Uppsögn

6.1 Gildistaka og gildistími váttryggingarinnar

Váttryggingin tekur gildi á þeim degi sem tilgreindur er í váttryggingarskírteini samkvæmt váttryggingarbeiðni. Ef váttryggingarskírteini hefur ekki verið gefið út tekur váttryggingin gildi þegar félagið eða umboðsmaður þess hefur fengið váttryggingarbeiðni í hendur nema öðruvísi sé um samið. Eigi váttrygging að gilda til ákveðins dags en ekki er tiltekið hvenær dags henni lýkur skal litið svo á að henni ljúki kl. 24:00 síðasta dag váttryggingartímabilsins. Hið sama á við um síðari endurnýjanir váttryggingarinnar.

6.2 Endurnýjun váttryggingarinnar - Uppsögn

Váttrygging sem skal gilda í eitt ár eða lengri tíma, er endurnýjuð fyrir eitt ár í senn, nema váttryggingartaki hafi tilkynnt félaginu um að hann vilji segja váttryggingarsamningnum upp. Tilkynning þarf að berast félaginu innan eins mánaðar frá því að félagið sendi tilkynningu um gjalddaga hins nýja tímabils. Uppsögn kemur þó aðeins til framkvæmda að váttryggingarsamningur hafi komist á hjá öðru félagi í síðasta lagi fyrir þann gjalddaga.

Félagið getur gert breytingar á váttryggingaskilmálum og iðgjaldi váttryggingarinnar. Slíkar breytingar taka gildi frá næstu endurnýjun váttryggingarinnar. Geri félagið aðrar breytingar á váttryggingarskilmálum og/eða iðgjaldagrundvelli en þær sem falla undir gr.7.1 í skilmálum þessum, skal félagið tilkynna váttryggingartaka sérstaklega um þessar breytingar annars gildir ekki nefndur uppsagnarfrestur.

Um lok váttryggingarsamningsins fer að öðru leyti eftir ákvæðum 7., 9. og 17. gr. skilmála þessara.

7. Iðgjald, gjalddagi og áhrif vanskila

7.1 Iðgjaldsákvörðun - Gjalddagi - Endurnýjunariðgjald

Váttryggingartaki skal greiða iðgjald til félagsins. Fyrsta iðgjaldið fellur í gjalddaga, þann dag sem váttryggingin tekur gildi. Síðari iðgjöld falla í gjalddaga á fyrsta degi hvers endurnýjunartímabils. Greiðslufrestur skal vera einn mánuður hið skemmsta frá þeim degi sem félagið sendi tilkynningu um greiðslu til váttryggingartakans. Krafa um greiðslu iðgjalds verður send váttryggingartaka á það heimilisfang, sem hann hefur tilkynnt félaginu. Sending tilkynningar eða greiðsluseðils jafngildir kröfu um greiðslu. Breytingar á heimilisfangi skal tilkynna félaginu þegar í stað. Iðgjald fyrir váttryggingu þessa er reiknað eftir iðgjaldaskrá félagsins. Félagið áskilur sér rétt til að ákveða endurnýjunariðgjald eftir nýrri iðgjaldaskrá með hliðsjón af almennri áhættubreytingu, verðlagsþróun og öðrum orsökum sem raska bótagrundvellingum. Slíkar breytingar veita hvorki váttryggingartaka né félaginu rétt til uppsagnar.

7.2 Iðgjaldsauki

Greiði félagið bætur fyrir tjón sem rekja má til notkunar ökutækisins skal váttryggingartaki greiða iðgjaldsauka í samræmi við iðgjaldaskrá félagsins. Fjárhæð iðgjaldsauka skal tilgreind í váttryggingarskírteini eða iðgjaldskvittun. Iðgjaldsaukinn fellur í gjalddaga þegar félagið hefur greitt bætur fyrir tjón sem að lágmarki nemur fjárhæð sem

tilgreind er í váttryggingarskírteini eða iðgjaldskvittun. Ekki greiðist hærra iðgjald vegna tjónsins við næstu endurnýjun váttryggingarinnar.

Verði tjónareynsla félagsins vegna váttryggingartaka með einhverjum hætti óeðlileg er félaginu heimilt að ákvarða iðgjald sérstaklega eins og nánar er kveðið á um í iðgjaldaskrá.

7.3 Upplýsingar um tjónareynslu

Við ákvörðun iðgjalds er félaginu heimilt að afla upplýsinga frá öðrum váttryggjendum um tjónareynslu váttryggingartaka í þessari grein váttrygginga.

7.4 Vanskil

Verði vanskil á iðgjaldinu getur félagið fellt váttrygginguna úr gildi samkvæmt ákvæðum reglugerðar nr. 424/2008 um lögumáttar ökutækjatrýggingar og tilkynnt það Umferðarstofu. Ber þá lögreglustjóra samkvæmt þeirri reglugerð að hlutast til um að skráningarmarki séu tafarlaust tekin af ökutækinu. Félaginu ber að tilkynna viðkomandi skriflega ef það ætlar að nota þennan rétt sinn og réttaráhrif slíkrar tilkynningar. Sjá jafnframt 17. gr. skilmála þessara.

Iðgjöld njóta lögtaksréttar samkvæmt heimild í umferðarlögum.

8. Sala á ökutæki - Afskráning

Váttryggingartaka ber að tilkynna félaginu án tafar ef ökutækið er afskráð eða selt enda gildir váttryggingin ekki fyrir nýjan eiganda eftir 14 daga frá eigendaskiptum sbr. 1. gr. skilmála þessara.

9. Endurgreiðsla iðgjalds er váttryggingu lýkur eða ef ökutækið er ekki notað

Sé ökutækið selt eða afskráð endurgreiðir félagið iðgjald í hlutfalli við það sem eftir er af váttryggingartímabilinu enda hafi ný váttrygging verið keypt fyrir ökutækið við eigendaskipti. Ef um er að ræða endurkröfu vegna eigendaskipta samkvæmt gr. 14.1, sbr. gr. 8., endurgreiðir félagið seljanda hlutfallslegt iðgjald frá tjónsdegi. Hafi ökutækið eigi verið í notkun og skráningarmarki þess verið í vörslu Umferðarstofu, lögregluvirkvalda eða umboðsmanna þeirra í a.m.k. 30 daga samfleytt endurgreiðir félagið iðgjaldið hlutfallslega fyrir innistöðutímabilið. Þetta gildir þó ekki um váttryggingar fyrir dráttarvélar, snjóbíla, létt bifhjól, torfærutæki (vélsleða og fjórhjól), fornbíla og húsbíla enda hafi verið tekið tillit til þess við iðgjaldsákvörðun.

10. Skyldur váttryggðs er tjón verður – Ráðstafanir vegna tjóns

Jafnskjótt og váttryggður fær vitneskju eða grun um að skaðabótakrafa verði gerð og ætla má að váttryggingin nái til hennar ber honum að tilkynna félaginu það skriflega. Ekki má váttryggður viðurkenna bótaskyldu sína eða gera samninga um bótakröfu án samþykkis félagsins. Ef váttryggður gerir slíkt án samþykkis félagsins er það ekki skuldbindandi fyrir félagið.

Er váttryggingaratburðurinn hefur gerst eða bein hættu er á því að hann muni að höndum bera, ber váttryggðum að reyna af fremsta megni að afstýra tjóninu eða draga úr því. Vanræksla á þessum skyldum váttryggðs getur valdið skerðingu eða missi váttryggingarverndar eftir lögum um váttryggingarsamninga.

11. Tjónsuppgjör og kostnaður við það

Er bótakrafa kemur fram á sviði sem váttryggingin nær til á félagið rétt á að annast uppgjör og málsvörn ef til hennar kemur. Kostnað, sem af þessu leiðir, greiðir félagið en þó ekki hærri en svarar til hlutfalls váttryggingarfjárhæðarinnar af höfuðstól skaðabótanna.

12. Réttur til að greiða tjónþola bætur

Félagið hefur rétt til að greiða bætur beint til þriðja manns (tjónþola). Komi fram skaðabótakrafa, getur félagið á hvaða stigi málsins sem er fullnægt skuldbindingum sínum og losnað við frekari greiðslur með því að greiða váttryggingarfjárhæðina og áfallna vexti og kostnað sem svarar til váttryggingarfjárhæðarinnar.

13. Eigin áhætta váttryggingartaka

Af hverju tjóni ber váttryggingartaki eigin áhættu ef þess er getið í skírteini eða iðgjaldskvittun. Krafa félagsins um greiðslu eigin áhættu fellur í gjalddaga jafnskjótt og það hefur innt af hendi bráðabirgða- eða fullnaðargreiðslu vegna tjónsins.

14. Endurkrafa félagsins

14.1 Endurkrafa vegna réttindaleyfis, ásetnings, stórkostlegs gáleysis, eigendaskipta eða vanskila

Félagið getur endurkrafið váttryggingartaka og/eða ökumann, hafi félagið vegna ákvæða umferðarlaga, reglugerðar eða váttryggingaskilmála greitt bætur fyrir tjón, sem váttryggður á ekki rétt á váttryggingarvernd gegn, þegar:

- váttryggður hefur ekki öðlast réttindi til að aka ökutæki því er um ræðir eða misst réttindi til að aka því.
- tjóni hefur verið valdið af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi. Við mat á því hvort háttsemi telst fela í sér stórkostlegt gáleysi er meðal annars litið til þess hvort váttryggður taldist ekki geta stjórnað ökutæki örugglega eða var óhæfur til þess samkvæmt ákvæðum umferðarlaga vegna undanfarandi neyslu áfengis, örvandi eða deyfandi lyfja.
- liðnir eru 14 dagar frá eigendaskiptum, sbr. 8. gr. skilmála, váttrygging er fallin úr gildi vegna vanskila á iðgjaldi eða eftir uppsögn.

14.2 Útleiga án ökumanns

Þegar ökutæki er leigt án ökumanns í samræmi við lög um bílaleigur nr. 64/2000 heldur váttryggingin gildi og endurkröfurétti verður ekki beitt gegn váttryggingartaka (leigusala), enda þótt leigutaki gerist brotlegur gegn ákvæðum skilmála váttryggingarinnar. Ákvæði skilmálanna haldast hins vegar óbreytt ef um er að ræða háttsemi váttryggingartaka eða manns sem hann ber ábyrgð á. Félagið á endurkröfurétt á hendur váttryggðum vegna tjóns sem hlýst þegar ökutækið er leigt án ökumanns andstætt ákvæðum laga um bílaleigur. Sýni váttryggður fram á að orsakir tjóns eða það hversu víðtækt tjón er verði ekki rakið til brots á fyrirmælum laganna, á félagið ekki rétt til endurkröfu.

14.3 Annar akstur en tilgreindur er

Félagið getur endurkrafið váttryggingartaka og/eða ökumann þegar ökutækið er notað til annars aksturs en þess sem getið er í váttryggingarskírteininu.

14.4 Tilvísun til lagaákvæða

Ákvæði skilmála þessara skerða ekki að neinu leyti þann endurkröfurétt sem félagið á eða kann að eignast samkvæmt almennum réttarreglum, umferðarlögum nr. 50/1987 eða lögum nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga.

15. Breyting áhættu

15.1 Aðsetursskipti, breytingar á ökutæki, aukin áhætta

Váttryggingartaka ber að tilkynna félaginu tafarlaust alla breytingu á aðsetri. Váttryggður skal tilkynna allar breytingar á ökutækinu eða notkun þess sem haft geta í för með sér aukna áhættu á tjóni svo sem notkun sérstakra tækja og búnaðar eða þátttöku í aksturskeppni.

Láti váttryggður hjá líða að gefa slíka tilkynningu getur það valdið því að bótaréttur falli niður að hluta eða öllu leyti samkvæmt reglum 24. og 25. gr. laga nr. 30/2004.

15.2 Aksturskeppni

Athygli skal vakin á því að félaginu er heimilt að krefjast viðbótariðgjalds vegna aksturskeppni eða æfingar fyrir slíka keppni.

16. Varúðarregla um ástand ökutækis

Váttryggðum er skylt að gæta þess að ökutækið sé í lögmætu ástandi. Sérstaklega ber honum að sjá um að öryggistæki þess séu í lagi. Vanræksla á þessu getur valdið því að ábyrgð félagsins fellur niður í heild eða að hluta eftir atvikum samkvæmt reglum laga nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga.

17. Heimild félagsins til uppsagnar á váttryggingarsamningi

Félagið hefur heimild til að segja váttryggingarsamningi upp ef váttryggingartaki og/eða váttryggður hefur ítrekað stórlega vanrækt skyldur sínar gagnvart félaginu eða veitt félaginu af ásetningi rangar eða ófullnægjandi upplýsingar við uppgjör bóta.

Segi félagið upp váttryggingarsamningi samkvæmt þessu ákvæði skal það senda váttryggingartaka tilkynningu þar að lútandi á sannanlegan hátt og gera honum grein fyrir afleiðingum uppsagnarinnar. Jafnframt því skal félagið tilkynna Umferðarstofu þessa ákvörðun sbr. reglur III. kafla reglugerðar nr. 424/2008 um lögmæltar ökutækjatrýggingar. Samkvæmt reglugerðinni ber lögreglustjóra tafarlaust að hlutast til um að skráningarmarki séu tekin af ökutækinu. Félagið ber áfram ábyrgð gagnvart þriðja manni á sérhverju tjóni sem verður þar til fjórar vikur eru liðnar frá því að váttryggingin féll úr gildi nema önnur fullnægjandi váttrygging hafi verið keypt.

Ljúki váttryggingu með þessum hætti endurgreiðir félagið iðgjaldið í hlutfalli við það sem eftir er af váttryggingartímabilinu.

18. Brot á upplýsingaskyldu - svik og rangar upplýsingar

18.1 Upplýsingar um áhættuna

Hafi váttryggingartaki eða váttryggður sviksamlega vanrækt upplýsingaskyldu sína um atvik sem haft geta þýðingu fyrir mat félagsins á áhættu og váttryggingaratburður orðið ber félagið ekki ábyrgð, sbr. 1. mgr. 20. gr. laga nr. 30/2004.

Hafi váttryggingartaki eða váttryggður með öðrum hætti vanrækt upplýsingaskyldu sína í þeim mæli að ekki telst óverulegt fellur ábyrgð félagsins niður í heild eða að hluta, sbr. 2. mgr. 20. gr. laga nr. 30/2004.

18.2 Upplýsingar við uppgjör bóta

Ef váttryggður veitir af ásetningi rangar eða ófullnægjandi upplýsingar við uppgjör bóta fellur niður allur réttur hans samkvæmt þessum og öðrum váttryggingarsamningum vegna hins tiltekna váttryggingaratburðar, sbr. 2. mgr. 47. gr. laga nr. 30/2004. Í slíkum tilvikum getur félagið sagt upp öllum váttryggingarsamningum sínum við váttryggðan með einnar viku fyrirvara, sbr. 17. gr. skilmála þessara.

19. Ágreiningur

Verði ágreiningur um váttrygginguna skal íslenskur dómstóll skera úr honum samkvæmt íslenskum lögum, nema annað leiði af þjóðréttarsamningi sem Ísland er bundið af. Gegn greiðslu málskotsgjalds er unnt að leggja ágreining um bótaskyldu, sök og sakarskiptingu auk ágreinings um atriði, er varða ákvæði laga nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga, fyrir Urskurðarnefnd í váttryggingamálum, sem vistuð er hjá Fjármálaeftirlitinu.

Málskotseyðublað vegna Úrskurðarnefndarinnar er unnt að nálgast hjá félaginu, auk fyllri upplýsinga um starfssvið og starfshátt beggja nefndanna. Málsmeðferð fyrir nefndum þessum skerðir ekki rétt málskotsaðila til þess að leggja málið fyrir almenna dómstóla.

20. Varnarþing

Varnarþing félagsins er í Reykjavík. Mál sem kunna að rísa á hendur félaginu út af váttryggingu þessari, skulu rekin fyrir héraðsdómi Reykjavíkur.

21. Vernd persónuupplýsinga

Samkvæmt lögum um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga nr. 77/2000 á sá sem upplýsingar eru skráðar um rétt á að fá upplýsingar hjá félaginu um vinnslu persónuupplýsinga um sig auk þess sem hann á rétt á því að félagið leiðrétti rangar, villandi eða ófullkomnar upplýsingar.

Félagið notar þær persónuupplýsingar sem aflað er vegna váttryggingar þessarar aðeins við mat á váttryggingarbeiðnum, í því skyni að meta þörf á váttryggingavernd og veita váttryggingartaka ráðgjöf um val á váttryggingum, við afgreiðslu bótakrafna, upplýsingagjöf til váttryggingartaka og við aðra eðlilega starfsemi félagsins.

Félagið leggur ríka áherslu á öryggi og trúnað við meðferð persónuupplýsinga. Upplýsingar um viðskiptavini félagsins eru ekki afhentar þriðja manni nema samkvæmt skýru umboði, lögum eða dómsúrskurði. Skilmálar þessir gilda frá 1. nóvember 2010.

B. LÖGBOÐIN SLYSATRYGGING ÖKUMANNS OG EIGANDA SEM FARÞEGA

1. Hverjir eru váttryggðir

Váttryggingartaki er váttryggður svo og hver sá sem með samþykki hans notar ökutækið eða ekur því. Sé ökutæki selt er hinn nýi eigandi váttryggður í 14 daga eftir eigendaskipti enda hafi hann ekki keypt aðra váttryggingu vegna ökutækisins.

2. Gildissvið

2.1 Slyss á ökumanni

Félagið greiðir bætur fyrir tjón vegna umferðarslyss sem ökumaður verður fyrir við stjórn ökutækis sbr. 92. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

2.2. Slyss á váttryggingartaka

Félagið greiðir einnig bætur fyrir tjón vegna umferðarslyss sem váttryggingartaki verður fyrir sem farþegi í eigin ökutæki eða af völdum eigin ökutækis sbr. 92. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

3. Hámarksbætur

Hámarksbætur til tjónþola vegna einstaks tjónsatburðar ákvarðast af dómsmálaráðherra samkvæmt heimild í umferðarlögum. Váttryggingarfjárhæð þessi breytist árlega.

4. Ákvörðun bóta - Ágreiningur

Um ákvörðun bóta fer eftir almennum reglum íslensks skaðabótaréttar. Verði ágreiningur um váttrygginguna skal íslenskur dómstóll skera úr honum eftir íslenskum lögum.

5. Frádráttur skaðabóta

Bætur úr slysatryggingu dragast frá skaðabótum sem tjónþoli kann að eiga vegna slyssins eftir umferðarlögum eða öðrum skaðabótareglum.

6. Váttryggður veldur váttryggingaratburði

6.1 Ásetningur

Hafi váttryggður af ásetningi valdið því að váttryggingaratburður varð ber félagið ekki ábyrgð, sbr. 1. mgr. 27. gr. og 89. gr. laga nr. 30/2004.

6.2 Stórkostlegt gáleysi

Hafi váttryggður valdið því af stórkostlegu gáleysi að váttryggingaratburður varð eða afleiðingar hans urðu meiri en ella hefði orðið má lækka eða fella niður ábyrgð félagsins, sbr. 2. mgr. 27. gr. og 1. mgr. 90. gr. laga nr. 30/2004. Við mat á því hvort háttsemi telst fela í sér stórkostlegt gáleysi er meðal annars litið til þess hvort váttryggður taldist ekki geta stjórnað ökutæki örugglega eða var óhæfur til þess samkvæmt ákvæðum umferðarlaga vegna undanfarandi neyslu áfengis, fíkniefna, örvandi eða deyfandi lyfja.

7. Brot á varúðarreglum

Varúðarreglur eru háttennisreglur sem settar eru í því skyni að koma í veg fyrir og takmarka tjón. Það er forsenda fyrir greiðslu bóta að settum varúðarreglum sé ávallt fylgt.

Hafi váttryggður vanrækt að hlíta varúðarreglum eða öðrum fyrirráðum í váttryggingarsamningi má lækka eða fella niður ábyrgð félagsins, sbr. 26. gr. laga nr. 30/2004.

8. Skyldur váttryggðs gagnvart félaginu

8.1 Sala ökutækis - Afskráning

Vátryggingartaka ber að tilkynna félaginu án tafar ef ökutækið er afskráð eða selt, en vátryggingin gildir ekki fyrir nýjan eiganda eftir 14 daga frá eigendaskiptum, enda hafi ekki verið keypt önnur vátrygging vegna ökutækisins.

8.2. Varúðarregla

Vátryggðum ber að gæta þess að hafa gjld ökuréttindi við akstur ökutækisins.

9. Akstur erlendis - Landfræðilegt gildissvið

Vátryggingin gildir um notkun ökutækis á Íslandi og í öðrum aðildarríkjum Evrópska Efnahagssvæðisins (EES). Einnig gildir vátryggingin í Sviss.

Um ákvörðun bóta vegna umferðarslysa sem verða utan Íslands gilda íslenskar reglur, sbr. 4. gr. skilmála þessara.

10. Undanskilin áhætta

Félagið bætir ekki tjón sem rakið verður til stríðs, óeirða, uppþots, verkfallsaðgerða eða annarra sambærilegra atburða. Sama á við um tjón af völdum kjarnorku, geislunar eða geislavirkra efna svo og tjón er stafa af eldgosi, jarðskjálfta, skriðufalli, snjóflóði eða öðrum náttúruhamförum.

11. Iðgjaldsákvörðun -iðgjaldsauki

Greiði félagið bætur vegna slyss ökumanns og/eða eiganda sem farþega skal vátryggingartaki greiða iðgjaldsauka í samræmi við iðgjaldaskrá félagsins. Fjárhæð iðgjaldsauka skal tilgreind í vátryggingarskírteini eða iðgjaldskvittun. Iðgjaldsaukinn fellur í gjalddaga þegar félagið hefur greitt bætur fyrir tjón sem að lágmarki nemur fjárhæð sem tilgreind er í vátryggingarskírteini eða iðgjaldskvittun. Ekki greiðist herra iðgjald vegna slyssins við næstu endurnýjun vátryggingarinnar.

Verði tjónareynsla félagsins vegna vátryggingartaka með einhverjum hætti óeðlileg er félaginu heimilt að ákvarða iðgjald sérstaklega eins og nánar er kveðið á um í iðgjaldaskrá.

12. Aðrir skilmálar

Að öðru leyti vísast til skilmála félagsins fyrir lögboðna ábyrgðartryggingu ökutækja eftir því sem við á.

Skilmálar þessir gilda frá 1. nóvember 2010.

C. BÍLRÚÐUTRYGGING

1. Gildissvið

Vátryggingin bætir brot á bílrúðum bifreiðarinnar ásamt ísetningarkostnaði. Það telst ekki brot þótt flísist úr rúðu eða hún rispist. Ef vátryggður eða sá sem með samþykki vátryggðs er ábyrgur fyrir hinu vátryggða ökutæki veldur vátryggingaratburði af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi losnar félagið úr ábyrgð samkvæmt reglum 27. gr. laga nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga.

2. Vátryggingarfjárhæð og bótagreiðslur

Vátryggingarfjárhæð kemur fram í vátryggingarskírteini. Bætur geta þó aldrei numið hærri fjárhæð en sem nemur raunvirði ökutækisins. Raunvirði er sú fjárhæð sem sambærilegt ökutæki að tegund, aldri eða gæðum kostaði á almennum markaði á tjónsdegi miðað við staðgreiðslu.

Vátryggingin tekur til bílrúðu bifreiðar. Bætur miðast við sambærilega bílrúðu með sömu eiginleika og sú sem var í bifreiðinni fyrir tjónið. Leita skal fyrir fram samþykkis félagsins á viðgerðaraðila. Félaginu er ekki skylt að greiða bætur fyrir viðgerð sem hafin er án samþykkis þess.

3. Undanskilin áhætta

Rúða sem brotnar við úrtöku eða ísetningu er ekki bætt. Ekki er bætt tjón vegna afnotamissis bifreiðarinnar er rúða brotnar.

4. Eigin áhætta

Í hverju tjóni ber vátryggingartaki þá eigin áhættu sem fram kemur í vátryggingarskírteini eða iðgjaldskvittun. Ef hægt er að gera við bílrúðu án þess að skipta um þarf vátryggður ekki að greiða eigin áhættu.

5. Endurgreiðsla iðgjalda

Iðgjald af vátryggingu þessari verður ekki endurgreitt þótt skráningarmarki ökutækisins séu tímabundið í vörslu Umferðarstofu, lögregluvalda eða umboðsmanna þeirra.

6. Aðrir skilmálar

Um vátryggingu þessa gilda að öðru leyti ákvæði skilmála félagsins fyrir lögboðna ábyrgðartryggingu ökutækja eftir því sem við getur átt.

Skilmálar þessir gilda frá 1. nóvember 2010.